

Reynslusaga foreldris

Ég er móðir drengs með ADHD. Ég er líka móðir stúlku sem átti vinkonu með ADHD. Það er sárt að horfa upp á hvernig sonur minn með ofvirkni sinni og athyglisbresti nær að fæla vini sína frá sér. Það er sárt að horfa upp á vini hans hafna honum, forðast hann og jafnvel leggja í einelti vegna þessa. Það er líka erfitt að vera foreldri barns sem á vin með ADHD. En er það réttlæt看legt að barn með slíka röskun lendi í því að vera útskúfað úr hópnum?

Dóttir mín og vinkona hennar með ADHD

Dóttir mín átti vinkonu sem hún umgekkst um tíma. Sæt, fjörug og skemmtileg stelpa. En hún gat líka verið ör, áköf og uppátækjasöm. Það í sjálfu sér hafði ekki áhrif á dóttur mína og ekki kvartaði hún yfir því. En það sem gerði vináttu þeirra erfitt fyrir var að vinkonan átti erfitt með að taka höfnun og bar mikið á því í samskiptum þeirra. Hún skellti stundum á hana þegar henni fannst sér hafnað. Þetta varð til þess að dóttir mín fór að þóknast henni. Ég sá að ég yrði að hjálpa henni til að standa með sjálfri sér. Ég man hvað mér fannst það erfitt þegar þær voru að fara saman í ferðalag. Ég fylgdi dóttur minni að rútnni. Hún var búin að ákveða að sitja með annari vinkonu sinni í rútnni. Því var ekki vel tekið. Mér fannst erfitt að vera á þessum stað að hvetja dóttur mína til að velja fyrir sig en jafnframt að þurfa að hafna í leiðinni. En að endingu gekk þetta upp. Ég held að þær hafi allar haft gott af því og sérstaklega dóttir mín, því hún fékk að standa með sjálfri sér.

Sonur minn með ADHD og vinatengsl hans

Sonur minn sjö ára er með ADHD. Hann er mjög duglegur strákur, mikill hugsuður, fljótur að skilja hlutina, klár í stærðfræði og lestri. Þar liggja ekki erfiðleikar hans. Þeir liggja í félagstengslum.

Þegar hann var í leikskóla var hann greindur með ADD ásamt mótþróaröskun. Í leikskólanum var hægt að stýra honum

betur í hópnum. Þannig urðu færri áreskrar við aðra krakka þó svo að þeir væru vissulega til staðar. Hann rakst utan í krakkana, var hreyfiofvirkur, var órólegur við matarborðið, beit, reyndi að kyssa þau að ástæðulausu (árátta) og fleira. Þetta fór í taugarnar á krökkunum. Strákarnir á deildinni hans fundu það út að hægt væri að fá hann til að sparka í sig með því að ganga framhjá honum þegar hann var órólegur. Þeir lögðu gagngert lykkju á leið sína til að fá hann til þess. Svo var farið til starfsmannana og hann klagaður. Fóstrurnar voru naskar að sjá þetta út.

Eitt sinn sátum við saman í bílnum á leiðinni heim. Sonur minn sagði mér frá því að í einum kaffitímanum fyrr um daginn hefði leiðtögin í hópnum kallað yfir allt „rétt upp hönd sem finnst hann vera leiðinlegur“. Og það réttu allir upp hönd nema ein stelpa. Meira að segja besti vinur hans þá rétti upp hönd. Ég fékk sting í hjartað, svo gaus upp í mér reiðin. Sársaukinn sem sonur minn þurfti að ganga í gegnum. Ég fór til deildarstjórans morguninn eftir sem tók á málinu. Leiðtögin kunni ekki aðra leið til að bregðast við syni mínum. Gremjan, reiðin, vanmátturinn kom öll þarna út. ADHD barnið áttar sig oft ekki á því hvað það er búin að gera. Það sér einungis að verið er að útskúfa því.

Svo byrjaði hann í grunnskóla. Nokkur barnanna sem voru með honum í leikskóla lentu með honum í bekk. Þar hélt áfram hreyfiofvirknin, hann reyndi að kyssa krakkana, rakst utan í þá, sparkaði, hrinti og truflaði.

Flest af þessu er ennþá til staðar. Hann á einnig mjög erfitt með að taka höfnun og reynir oft að þvinga vini sína til að fara sína leið.

Hann á sér ekki fasta vini. Þegar vinir hans hafa fengið nóg af honum hætta þeir að vilja ganga með honum heim úr skólanum. Þeir hafa ekki „pláss“ fyrir hann í leikjum í frímínútum, og hætta að spyrja eftir honum.

Sonur minn er mikil félagsvera. Aðallega var það fyrsta skólaárið sem hann virkilega þjáðist vegna vinaleysis. Hann jafnvel vildi ekki fara í skólann. Ég sat oft með honum á kvöldin og hlustaði á hann segja frá því hvernig honum leið. Hann grét þegar hann sagði frá því að hann væri að leika sér einn í frímínútum. Vanlíðanin var mikil.

Við foreldrarnir reynum að gera okkar besta. Við reynum að bregðast við og vera meðvituð um hvað er að gerast hjá honum. Við getum þó ekki vitað allt. Við verðum að treysta á að við fáum réttar upplýsingar frá starfsfólki í skólanum, foreldrum og félögum. Þannig getum við verið meðvituð um hvar hann er staddur. Það er þó sérstaklega erfitt hvað varðar foreldrana og félagana. Þeir fá líka nóg af því að þurfa að tilkynna um leiðinlega hegðun af hans völdum. Oft finnst mér líka erfitt að skilgreina hvað var af hans völdum og hvort hópurinn hafi átt sinn þátt í atvikinu. Það má líka taka með í reikninginn að ofvirkir eru oft gerðir að blóraböggjum.

Ég heyri allt of mikið um það frá foreldrum ofvirkra barna að þau eigi ekki vini. Mér finnst að skólinn gæti gert mikið fyrir ofvirka barnið með því að fræða bæði bekkjarfélagi um ADHD og einnig foreldra. Þannig má hjálpa fólki að vera umburðarlyndara við ofvirka barnið. Barnið sjálft þarf líka að fá sérkennslu í félagsfærni. Að vera fær í félagslegum samskiptum er mun mikilvægara að mínu mati en að vera klár á bókina. Þú kemst ekki langt á gáfunum einum saman.

Að lokum vil ég segja eitt. Við verðum að hafa það hugfast að ADHD barnið valdi það ekki sjálft að vera svona. Það á líka tilverurétt eins og allir aðrir. Því hafa verið gefnir hæfileikar eins öllum öðrum og það er tilgangur með tilvist þess.

Móðir 7 ára drengs með ADHD

hefur með höndum það verkefni að byggja upp 80 klukkustunda námskeið fyrir reynda kennara í Grunnskólum Reykjavíkur. Gert hefur verið ráð fyrir að a.m.k tveir kennarar í hverjum skóla taki þátt í slíku námskeiði og geti að því loknu tekið að sér að vera ráðgefandi fyrir kennara síns skóla.

2) Stofnað hefur verið ráðgjafarteymi/-lausnarteymi við flesta grunnskóla Reykjavíkur. Í því sitja sérfræðingar, reyndir kennarar, námsráðgjafar og sálfræðingar. Kennarar geta leitað með erfið mál til teymisins og þegið ráð frá þeim. Viða hefur þetta reynst vel, en annars staðar á þetta fyrirkomulag nokkuð í land. Sumir kennarar virðast eiga nokkuð erfitt með að leita ráðgjafar hjá kollegum þrátt fyrir að eiga við vanda að etja í starfinu.

3) Komið hefur verið á þróunarstarfi í tveimur skólum í Reykjavík, Fellaskóla og Ingunnarskóla undir heitinu Jákvæð atferlisráðgjöf eða PBS. Verkefnið er fengið frá Oregon í Bandaríkjunum og unnið í nánú samstarfi við Skólaskrifstofu Hafnarfjarða. Umsjón með því hafa tveir sálfræðingar Fræðslumiðstöðvar. Þar er unnið að því að byggja upp jákvætt félagslegt umhverfi í skólanum. Allir starfsmenn skólans og nemendur eru virkir þátttakendur í þessu þróunarstarfi. Vonast er til að þetta verkefni reynist vel sérstaklega fyrir þann hóp sem hér er fjallað um.

4) Fjármagn skiptir auðvitað máli við uppbyggingu stuðnings fyrir nemendur og kennara. Úthlutunarreglum vegna sérkennslu hefur verið breytt á síðustu tveimur árum. Úthlutun er með tvennum hætti: **A) Annars vegar fá skólar beina úthlutun sem byggir á fjölda nemenda í hverjum skóla. Það eru um 320 milljónir í dag. B) Hins vegar er úthlutað samkvæmt greiningum frá fjórum greiningarstofnunum samkvæmt reglugerðum Jöfnunarsjóðs.**

Á síðustu árum hefur auknu fé verið veitt til skóla vegna nemenda með miklar sérkennsluþarfir s.s. fatlaðra nemenda og nemenda með alvarlegar atferlisraskanir, ADHD, Tourette, einhverfu og Asperger heilkenni svo dæmi séu tekin. Úthlutun á þessu ári nemur um 360 milljónum króna. Byggt er á svipuðum úthlutunarreglum og jöfnunarsjóður sveitarfélaga byggir á. Byggt hefur verið upp úthlutunarskema, þar sem við úthlutun er tekið tillit til þátta eins og námsórðugleika, atferlisþátta og daglegrar umönnunar. Úthlutun byggir á greiningu frá Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins, BUGL, Sjónstöð Íslands og Heyrnar- og talmeinstöð. Reyndar hefur fram til þessa einnig verið tekið tillit til greininga sérfræðinga þessara stofnana sem vinna á einkastofum, þó það sé á frekar gráu svæði samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð. Þriggja manna fagteymi Fræðslumiðstöðvar fer yfir allar umsóknir skóla og eru í því forstöðumaður Þjónustusviðs, deildarstjóri sálfræðideildar og deildarstjóri kennsludeildar. Úthlutað er tvisvar á ári í maí og október þegar gerðar eru leiðréttingar vegna búsetubreytinga og nýrra nemenda. Sérstök úthlutun til skóla vegna nemenda með miklar sérkennsluþarfir nær til um 600 nemenda og er úthlutað til skólanna eins og áður sagði um 360 milljónum króna.

5) Börn með geðraskanir, ADHD, einhverfu og skyldar raskanir eru um 57% þessara nemenda eða um 360 nemendur. Stór hluti þessa hóps, eru nemendur með ofvirkni, athyglisbrest, móttöðuprjóskskuröskun og fleiri raskanir. Skólarnir fá yfirleitt á bilinu 400.000- 600.000 vegna þeirra. Í sumum tilvikum fá skólarnir hærrí upphæð en það fer eftir greiningu og samsetningu vandans. Skólarnir fá síðan allmiklu hærrí upphæð vegna barna með einhverfu og miklar geðraskanir. Allt eftir niðurstöðu greininga. Jafnframt fá skólarnir

úthlutun vegna ofvirkra barna með athyglisbrest til að geta m.a. byggj upp hegðunarmótandi atferlisnámskeið fyrir þau. Sú upphæð er miklu lægri en hóparnir sem að framan eru greindir fá. Annars eiga þau að fá stuðning af sérkennslukvóta skólans (úthlutun A) sem að ofan er greint frá.

6) Skólunum er ætlað að byggja upp stuðning fyrir nemendur með sérkennsluþarfir og er sá stuðningur alfarið á ábyrgð skólans. Deildarstjóri sérkennslu og skólastjóri eru hér ábyrgir fyrir einstaklingsáætlun fyrir hvern nemanda. Skólinn hefur auðvitað rétt til þess að samnýta það fé sem hann fær í stuðning fyrir þennan nemendahóp hvort sem er í litlum hópi, sérdeild, námsveri eða í einstaklingskennslu. Innra skipulag skólans s.s. skipting í hópa er á ábyrgð skólastjóra samkvæmt lögum.

7) Ef foreldrar telja að einhverju sé ábótavant í starfi með þeirra barni geta þeir leitað til umsjónarkennara og deildarstjóra sérkennslu. Ef ekki fæst lausn á málinu, geta þeir leitað til skólastjóra. Ef enn fæst ekki lausn á máli geta foreldrar leitað til talsmanns foreldra og skóla á Fræðslumiðstöð með málið. Ef ekki tekst að leysa málið í sátt geta hvor aðili um sig leitað til úrskurðar menntamálaráðuneytis. Yfirleitt eru nú mál löngu leyst áður en að þeim þætti kemur.

Hér hefur verið gerð grein fyrir stöðu mála í stuttu máli og vonandi eru foreldrar einhvers vísari um stöðu þessara mála í Reykjavík.